



Starfsmannasamtöl í Garðaskóla 2018

Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri tók samtölin í janúar-mars 2018. Allir starfsmenn komu í samtal, nema þeir sem eru frá störfum vegna veikinda eða leyfa:

- 37 kennarar
- 18 aðrir starfsmenn

Aðrir þættir í innra mati Garðaskóla 2017-2018:

Skólapúlsinn:

- nemendur í október og apríl, sjá samantekt á vef skólans:
http://gardaskoli.is/library/Files/Innra_mat/Sk%C3%B3lap%C3%BAls_samantekt%20%C3%A1%20sv%C3%B6rum%20nem%20okt%202017.pdf:

Í inngangi segir Sigurður Stefán:

Skólapúlsinn hefur 1. desember 2017 birt niðurstöður úr nemendakönnun þeirri sem fór fram í október síðastliðnum. Segja má að nokkur helstu atriði sem fram koma séu:

- Aukin ánægja af lestri.
- Stelpur mælast með meira sjálfsálit en strákar.
- Einelti og vanlíðan eru að aukast.
- Óróleiki í tímum er að aukast.
- Fleiri upplifa að kennarar ýti undir vellíðan þeirra.
- Garðaskóli er góður skóli á margan hátt.

Fyrstu niðurstöður voru skoðaðar af stjórnendum í nóvember og strax var brugðist við vísbendingum um aukið einelti og vanlíðan nemenda.

- starfsmenn í mars, samantekt væntanleg á vef skólans:
<http://gardaskoli.is/skolinn/mat-a-skolastarfinu/innra-mat-2017-2018/>

Um nám og kennslu í Garðaskóla:

Ánægð með	Þarf að laga
Leiðsagnarmat hefur aukið virkni og árangur nemenda	Óánægja með námsmat Aðalnámskrár EN LÍKA Vilji til að fara lengra með námsmat Aðalnámskrár og leiðsagnarmat.
Spennandi þróun kennsluhátta, t.d. leiðsagnarmat og upplýsingatækni	Þarf að skapa tíma í leiðsögn til nemenda
	Vantar skýrari sýn á námsmat – hver er stefna skólans?
	Sumir kennarar vilja bæta skipulag kennslustunda: skýrara upphaf og endir tímanna.
Margir kennarar ánægðir með að ná vel til nemenda og halda góðum aga. Finnst ganga vel að skerpa á eigin vinnureglum með nemendum, t.d. í símamálum og við frágang í stofu.	Meðalstærð nemendahópa þarf að lækka. Þarf að skoða betur samsetningu nemendahópa.
Skólabragur góður og tekið vel á erfiðum málum.	Skólabragur erfiðari – með tilkomu símanna?
	Sumir starfsmenn meðvitaðir um hættuna á meðvirkni í erfiðum nemendamálum – hvað er til ráða?
	Þarf að vísa nemendum jafn oft úr tíma og raun ber vitni? Hvernig er hægt að vinna betur að því að samstarf kennara og nemenda skili góðum kennslustundum þar sem nemendur eru virkir í námi? Er of mikil áhersla á árangur í námi og framvindu náms? Og of lítil áhersla á manneskjurnar sem eiga að vera að læra?

Um vinnustaðinn Garðaskóla:

Ánægð með	Þarf að laga
Góður starfsandi, gott samstarfsfólk	Hópaskipting í starfsmannahópnum, það tala ekki allir við alla
	Þarf að efla samtal og samstarf um ákveðin verkefni: MP3 vinnan, samstarf fagdeilda og upplýsingavers, samtal kennara og umsjónarmanns, innlit stjórnenda í kennslustundir
Vel tekið á móti nýju fólki	Þarf markvissari handleiðslu til nýliða, fleiri kynningar á starfi skólans en bara í byrjun skólaársins.
Vinnuaðstaða og starfsumhverfi gott	Vantar skýrari starfslýsingar fyrir skólaliða – fer í vinnslu hjá umsjónarmanni og skólastjóra
	Vont að vera kominn upp í topp á launatöflum, en eiga mörg ár eftir í starfi.
	Áskorun að vinna námsmat og undirbúning í kjölfar langs dags í kennslu.
	Hávaði á kaffistofu starfsmanna
	Salernisaðstaða starfsmanna ekki góð
	Vinnuherbergi tungumáladeilda þarf að laga.
Gott að geta fengið leyfi þótt skólaárið sé í gangi.	
Meiri virkni í starfsmannafélaginu, sem er gott og mikilvægt	

Um starfsþróun í Garðaskóla:

Ánægð með	Þarf að laga
Gott að hafa tíma til að heyrast þvert á fagdeildir, meira af slíku til að efla faglegt samtal	
Margir kennarar mjög virkir í starfsþróun.	
Fagdeildir hafa áhuga á „fagferðum“ erlendis.	Vantar úrval af námskeiðum á fag-sviðum kennara.
Fjölbreytni í starfinu er góð, og að geta sjálfur haft áhrif	Vantar meiri þjálfun fyrir kennara, skólaliða í agamálum, t.d. uppbyggingarstefnunni

Um stjórnun í Garðaskóla:

Ánægð með	þarf að laga
Gott samtal milli stjórnenda og annarra starfsmanna – traust milli aðila	Upplýsingaflæði – skilaboð um uppbrot séu tímanleg og berist öllum starfsmönnum
	þarf að passa að nægur tími sé í undirbúning Gagn og gaman, og annars uppbrots
Tryggvi var mjög góð viðbót við stjórnendateymið	
Gott að skrifstofa skrái leyfi og veikindi nemenda. Álag vegna þessa komið í skorður hjá starfsmönnum skrifstofu.	Tekur stundum of mikinn tíma hjá ritara að fá skýringar á viðveru/fjarveruskráningum nemenda í Innu
Deildarstjórar styðja vel við kennara í utanumhaldi um nemendur	Að umsjónarkennarar fylgi sínum bekk í uppbrotsverkefni, til að geta fylgt því betur eftir
	Má skerpa á verkaskiptingu milli umsj.kennara og deildarstjóra t.d. hver sendir hvaða pósta.

Um annað í Garðaskóla:

Ánægð með	þarf að laga
Inna – þægilegt viðmót	
	Ýmislegt sem einstaklingar vilja laga hjá sjálfum sér, oft tengt utanumhaldi um skólabrag/agamál eða skráningum í Innu eða önnur kerfi.